

*Fjármála- og
efnahagsráðuneytið*

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Dagsetning: 28.06.2013
Málsnúmer: FJR13060115
Bréfalykill: 3.5

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu barst 26. júní 2013 tölvupóstur frá ritara efnahags- og viðskiptanefndar f.h. nefndarinnar þar sem óskað var svara við tilgreindum spurningum sem standa í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). Fjármála- og efnahagsráðuneytið framsendi tölvupóstinn á Seðlabanka Íslands en frumvarpið er unnið í samstarfi bankans og ráðuneytisins.

Spurningar nefndarinnar eru sjö talsins og er í þessu minnisblaði tekin afstaða til síðustu spurningarinnar sem varðar heimild Seðlabankans til upplýsingaöflunar. Nánar tiltekið er spurt hvort ráðuneytið telji til bóta að afmarka heimildina frekar eða hvort ráðuneytið sé mótfallið slíku. Í minnisblaði Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptanefndar, dagsett 27. júní 2013, sem ráðuneytinu hefur borist afrit af er leitast við að svara öðrum spurningum nefndarinnar.

Verði 4. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt mun ákvæði 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands verða svohljóðandi (tillögur frumvarpsins eru feitletraðar):

Til þess að sinna hlutverki sínu skv. 3. og 4. gr., **og fullnægja eftirliti með reglum sem settar eru samkvæmt lögum þessum**, getur Seðlabanki Íslands milliliðalaust aflað upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann skv. 6. gr., sbr. 7. gr., auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með starfsemi sinni, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. **Skylt er, að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr., að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.**

Kjarni þessarar breytingar felst í því að þagnarskylda þeirra aðila sem í dag falla undir 29. gr. laganna vikur fyrir upplýsingaskyldu. Í annan stað er tekið fram að upplýsingaskyldan sé að viðlögðum viðurlögum en sú tillaga felur ekki í sér efnisbreytingu heldur áréttingu á því sem fram kemur í 37. gr. laganna um að heimilt sé að beita þá aðila dagsektum sem vanrækja að veita bankanum upplýsingar sem hann á rétt á samkvæmt lögnum. Í þriðja lagi er tekinn af allur vafi um að heimild til upplýsingaöflunar skv. 29. gr. laganna eigi við þegar Seðlabankinn fullnægir eftirliti með reglum sem settar eru samkvæmt lögnum.

Tilvísun 29. gr. laganna til 4. gr. laganna felur í sér að Seðlabanka Íslands er heimilt að afla upplýsinga þegar hann sinnir því hlutverki að stuðla að fjármálastöðugleika. Eins og vikið er að í minnisblaði Seðlabankans til nefndarinnar er við mat á fjármálastöðugleika litið til

stöðugleika fjármálakerfisins í heild með það að markmiði að greina kerfisáhættu en um það efni hefur m.a. verið fjallað í IV. kafla Fjármálastöðugleikarits Seðlabanka Íslands, fyrra hefti ársins 2011. Þar er m.a. vakin athygli á því að áhætta í fjármálakerfinu geti verið breytileg frá einum tíma til annars og að mikilvægt sé að fram fari viðtæk greining á því hvaða varúðarreglur henti við þær aðstæður sem fyrir hendi séu.

Megintilgangur frumvarpsins er að draga úr lausafjár- og gjaldeyrisáhættu í fjármálakerfinu í aðdraganda að afnámi fjármagnshafta. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildir Seðlabankans til þess að setja reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð verði styrkar í þessu skyni. Í 1. gr. frumvarpsins endurspeglast mikilvægi þess að við mótun varúðarreglna af þessu tagi sé ekki einungis horft til þess að viðhalda styrk einstakra stofnana heldur kerfisins í heild. Enn fremur hefur Seðlabankinn talið að vinna við endurskoðun slíkra reglna sé komin undir því að unnt sé að viðhafa fullnægjandi eftirlit með þeim sem settar hafa verið.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur í ljósi framangreinds tilgangs að sú undantekning frá trúnaðar- og þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 4. gr. frumvarpsins sé réttlæt看leg á grundvelli almannahagsmuna. Hvað varðar þá aðila sem heyra undir upplýsingaskylduna skv. 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands virðist hér gengið skemur en ef tekið er mið af samsvarandi eftirlitsheimildum Fjármálaeftirlitsins skv. 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt. Þannig beinist heimild Seðlabankans til upplýsingaöflunar ekki að einstaklingum og lögaðilum almennt heldur afmarkast hún við aðila sem eru í innlánsviðskiptum við bankann auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að útiloka að upplýsingaöflunin leiði til þess að upplýsingar um viðskiptahagsmunum einstaklinga verði látnar Seðlabankanum í té bera þeir sem starfa í þágu Seðlabankans ríka þagnarskyldu eins og rakið er í minnisblaði Seðlabankans.

Um heimildir skattyfirvalda skv. 94. gr. laga um tekjuskatt hefur m.a. verið fjallað í dómum Hæstaréttar, sbr. mál nr. 514/2008 og mál nr. 347/2012. Samkvæmt þeim dómum eiga dómstólar mat á því hvort upplýsingabeiðni fullnægi kröfum um málefnalega stjórnarsýslu sem leiða má af ákvæðum stjórnarsýslulaga og eftir atvikum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Má benda á í þessu sambandi að verði aðili sem upplýsingaskylda skv. 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands tekur til ekki við beiðni Seðlabankans um upplýsingar er bankanum heimilt að leggja á dagsektir og getur aðillinn krafist ógildingar þeirrar ákvörðunar fyrir dómi, sbr. 5. gr. frumvarpsins.